

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 50/2012****2012/EES/43/17****frá 30. mars 2012****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við  
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 132/2011 frá 2. desember 2011 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/79/ESB frá 19. nóvember 2010 um aðlögun að tækniframförum á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/42/EB um takmörkun á losun rokkgjarnra, lífrænna efnasambanda <sup>(2)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi bætist við í 9. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/42/EB) í XVII. kafla II. viðauka við samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32010 L 0079**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/79/ESB frá 19. nóvember 2010 (Stjtið. ESB L 304, 20.11.2010, bls. 18).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2010/79/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 31. mars 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt l. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. mars 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Gianluca Grippa***

starfandi formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 76, 15.3.2012, bls. 16, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 15, 15.3.2012, bls. 19.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 304, 20.11.2010, bls. 18.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.